

**Skógræktarfélag Húsavíkur**  
**Laugarbrekku 21, Húsavík**

Húsavík 20. maí 2021

**Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings**  
**B.t. Smára J. Lúðvíkssonar**  
**Ketilsbraut 7-9**  
**640 Húsavík**

**Efni: Ósk um heimild til landvinnslu til undirbúnings trjáræktar**

Undirritaður, f.h. Skógræktarfélags Húsavíkur, óska hér með eftir að félaginu verði heimilað að vinna land undir gróðursetningar trjáa sumarið 2021. Jarðvinnsla yrði unnin á dráttarvél og felur í sér plægingu, tætingu eða herfingu á hliðstæðan hátt og land var unnið á Ærvíkurhöfða sumarið 2020. Kolviður hefur nú fengið jarðvinnuverktaka á svæðið til að vinna skógræktarland á Ærvíkurhöfða og telur Skógræktarfélagið tilvalið að nýta hann til vinnslu lands undir landgræðsluskóglöntur sumarsins við Húsavík.

Svæðin sem horft er til að gróðursetja í sumarið 2021 eru annarsvegar lyngmóar vestan vegslóða meðfram Saltvíkurbrekkum og hinsvegar er horft til þess að koma birkiplöntum í lúpínubreiður á fyrrum melkollum í Grásteinsheiði. Bæði eru þessi svæði í tengslum við fyrri gróðursetningar sveitarfélagsins og þannig þéttingarverkefni.

Vinnsla lands með þessum hætti eykur umtalsvert lifun trjáplantna og hraðar vöxt þeirra fyrstu árin.

Virðingarfyllst;



Arni Sigurbjörnsson

S. 894 9351

Formaður